



## Starfsáætlun heilbrigðisráðuneytisins árið 2020

### Stefnuáhersla

### Verkefni

Forysta til árangurs Þingsályktun um siðferðileg gildi og forgangsröðun.

Samræmd gagnaöflun og stöðlun upplýsinga varðandi heilbrigðisstofnanir.

Ráðuneytið og stofnanir þess séu leiðandi í að framfylgja jafnlaunastefnu.

Loftslagsstefnu Stjórnarráðsins framfylgt af ráðuneytinu og stofnunum þess.

Stutt við vinnu Stjórnarráðsins varðandi Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

### Rétt þjónusta á réttum stað

Skýr skilgreining á heilbrigðisþjónustu og hlutverki heilbrigðisstofnana.

Fyrirliggjandi stefnur og áætlanir í ýmsum málefnum samræmdar við gerð fimm ára aðgerðaáætlunar heilbrigðisstefnu.

Úttekt á meðferðarrúrræðum vegna ávana og fíknar.

Útbúinn miðlægur biðlisti vegna liðskiptaaðgerða fyrir allt landið.

Uppbygging heilbrigðisstofnunar Vesturlands vegna liðskipaaðgerða.

Styrking geðheilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum, á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum um allt land.

Uppbygging heilbrigðisþjónustu heim fyrir aldraða.

Fjölgun hjúkrunarrýma og sérhæfðum hjúkrunareiningum komið á fót.

Aukin þjónusta heilsugæslustöðva og innleiðing heilsueflandi móttöku.

Aukið aðgengi að sérfræðiþjónustu heilbrigðisstofnana í heimabyggð.

Efling og samþætting heilbrigðisþjónustu við fólk með heilabilun í samræmi við aðgerðaáætlun.

Unnin aðgerðaáætlun í endurhæfingarþjónustu.

Hafin innleiðing aðgerðaáætlunar sem byggist á skýrslu um líknarþjónustu.

Bætt fyrirkomulag á framkvæmd krabbameinsskimana.

#### Fólkið í forgrunni

Úttekt á mönnun í heilbrigðiskerfinu með hliðsjón af sambærilegum stofnunum á Norðurlöndunum.

Unnið úr tillögum starfshópa um menntun ýmissa heilbrigðisstétta og aðgerðaáætlun birt.

Lögð áhersla á störf hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og þau rýnd í tengslum við ár hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra.

Haldið heilbrigðisþing um mönnun til framtíðar með áherslu á nýsköpun og tækni.

#### Virkir notendur

Aukið aðgengi að upplýsingum og þjónustu á stafrænan hátt, m.a. með Heilsuveru.

Unnið að stefnumótun í stafrænni heilbrigðisþjónustu og gagnaöflun.

#### Skilvirk þjónustukaup

Lækkun greiðsluþátttöku vegna heilbrigðisþjónustu.

Innleiðing fjármögnunarreiknilíkans fyrir heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni.

Úttekt á DRG-fjármögnun og gerð áætlunar um innleiðingu hennar fyrir alla sjúkrahúsþjónustu.

#### Gæði í fyrirrúmi

Skilgreining og innleiðing þjónustukannana á heilbrigðisstofnunum.

#### Lýðheilsustefna

Fimm ára aðgerðaáætlun, 2021–2025, samræmd við heilbrigðisstefnu 2030. Áhersla lögð á samhæfðar aðgerðir á sviði heilsueflingar, geðræktar, forvarna og snemmtækra íhlutana.

#### Innra starf ráðuneytisins

Innleiðing á nýju skipuriti með áherslu á verkefnamiðaða teymisvinnu.

Áfram unnið að hvetjandi starfsumhverfi ráðuneytisins, lögð áhersla á að starfsmenn hafi góða yfirsýn yfir málefnasvið ráðuneytisins og leggi til stöðugar umbætur.

Gagnasöfnun og rýni gagna efla verulega sem grundvöllur að öllu starfi ráðuneytisins .

Hafið verði reglulegt samstarf við háskóla um starfsnáms og komið á samvinnu um meistaraverkefni nemenda.

Unnið að því að ráðuneytið verði heilsueflandi vinnustaður.